

**2014 nr. 66 28. maí****Lög um fjármálastöðugleikaráð**

Tóku gildi 6. júní 2014.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Markmið og skilgreiningar.****■ 1. gr. Markmið.**

□ Markmið laga þessara er að efla og varðveita fjármálastöðugleika í almannapágu, auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins og sporna við uppsöfnun kerfisáhættu. Í því skyni er sérstöku ráði, fjármálastöðugleikaráði, falið skilgreint hlutverk samkvæmt lögum þessum.

**■ 2. gr. Orðskýringar.**

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarstofnanir fjármálastöðugleikaráðs*: Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið.

2. *Eindaeftirlit*: Varúðareftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðilum.

3. *Fjármálakerfi*: Allir lögaðilar sem stunda fjármála-starfsemi í skilningi laga um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi, þ.m.t. opinberir lánasjóðir og lífeyrissjóðir, svo og fjármálamarkaðir og innviðir.

4. *Fjármálakreppa*: Það ástand þegar rýrnun verulegs hluta eigna fjármálakerfisins eða markaðsbrestur á fjármála-mörkuðum raskar fjármálastöðugleika.

5. *Fjármálamarkaðir*: Lánsfjármarkaðir, verðbréfamarkaðir, gjalddeyrismarkaðir og tilheyrandi millibankamarkaðir.

6. *Fjármálastöðugleiki*: Það ástand þegar ekki er rof eða veruleg truflun á starfsemi fjármálakerfisins og það býr yfir nægum viðnámsþrótti til að þola áföll og ójafnvægi án þess að veruleg neikvæð áhrif verði í miðlun fjármagns, miðlun greiðslna og dreifingu áhættu.

7. *Innviðir*: Kerfislega þýðingarmikil greiðslu- og upp-gjörkerfi og eftirlitsstofnanir eins og Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið.

8. *Kerfisáhætta*: Þegar samspil fjármálakerfis og þjóð-arbúskapar felur í sér hagsveiflumögnun, fjármálafyrirtæki verða viðkvæm fyrir aðgerðum annarra aðila og hætta er á atburðarás sem getur ógnað fjármálastöðugleika með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á þjóðarbúskapinn.

9. *Þjóðhagsvarúð*: Heildar- eða kerfisefirlit sem ein-skorðast ekki við hvern einstakan eftirlitsskyldan aðila, sbr. eindaeftirlit, heldur felst í því að líta eftir kerfinu sem heild, samspili eindanna sem mynda það og tengslum þess við raunhagkerfið.

**II. kafli. Fjármálastöðugleikaráð.****■ 3. gr. Hlutverk og skipan.**

□ Fjármálastöðugleikaráð er formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika.

□ Í fjármálastöðugleikaráði sitja ráðherra, og er hann formaður ráðsins, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Formaður kallar ráðið saman til fundar þrisvar sinnum á ári en oftast telji einhver ráðsmaður þörf á. Fjármálastöðugleikaráð setur sér starfsreglur og heldur gerðabók á fundum sínum.

□ Aðildarstofnanir fjármálastöðugleikaráðs, sem fara með eindaeftirlit og málefni þjóðhagsvarúðar, veita ráðinu þá þjónustu sem það óskar eftir til að sinna hlutverki sínu og bera sjálfar þann kostnað sem af hlýst. Umsýsla vegna fjár-

málastöðugleikaráðs og undirbúningur funda þess er á hendi ráðuneytisins.

**■ 4. gr. Almenn verkefni.**

□ Fjármálastöðugleikaráð er vettvangur samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar vegna fjármálastöðugleika og samhæfir viðbúnað opinberra aðila við fjármálakreppu.

□ Helstu verkefni fjármálastöðugleikaráðs eru eftirfarandi:

a. að móta opinbera stefnu um fjármálastöðugleika,

b. að meta efnahagslegt ójafnvægi, áhættu í fjármálakerfinu, óæskilega hvata og aðrar aðstæður sem eru líklegar til að ógna fjármálastöðugleika,

c. að skilgreina þær aðgerðir, aðrar en beitingu stjórn-tækja Seðlabanka Íslands í peningamálum, sem eru taldar nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika,

d. að staðfesta skilgreiningar á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum, innviðum og mörkuðum sem eru þess eðlis að starfsemi þeirra getur haft áhrif á fjármálastöðugleika.

□ Fjármálastöðugleikaráð skal einkum byggja á tillögum eða greiningu kerfisáhættunefndar við vinnslu verkefna skv. 2. mgr.

**■ 5. gr. Tilmæli.**

□ Nú koma upp aðstæður sem eru líklegar til að ógna fjármálastöðugleika eða hafa óæskileg áhrif á fjármálakerfið og getur þá fjármálastöðugleikaráð beint tilmælum til þar til bærra stjórnvalda um aðgerðir til að mæta þeim aðstæðum. Þetta á þó ekki við um ákvarðanir um beitingu stjórn-tækja í peningamálum.

□ Fari sá sem tilmælum er beint til ekki að þeim skal hann skila til ráðsins skriflegum rökstuðningi fyrir afstöðu sinni innan hæfilegs tímafrests sem ráðið áskilur.

□ Fjármálastöðugleikaráð birtir tilmæli sín og rökstuðning fyrir þeim í heild eða að hluta, nema birting þeirra geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika. Fari stjórnvald ekki að tilmælum fjármálastöðugleikaráðs skal einnig birta skriflegan rökstuðning viðeigandi stjórnvalds nema birtingin geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.

**■ 6. gr. Sérstakar aðstæður.**

□ Fyrir utan reglulega fundi fjármálastöðugleikaráðs, sbr. 2. mgr. 3. gr., kemur ráðið saman sem formlegur samráðsvettvangur stjórnvalda þegar fjármálakreppa telst yfirvofandi eða skollin á eða hætta er á atburðum sem geta valdið umtalsverðum smitáhrifum.

□ Ráðið leggur mat á til hvaða nauðsynlegu aðgerða eða ráðstafana þurfi að grípa, skilgreinir það viðbúnaðarstig sem við á og samræmir aðkomu stjórnvalda.

□ Þegar sérstakar aðstæður skapast á fjármálamarkaði, sbr. 1. mgr., skal ráðið kynna nauðsynlegar aðgerðir og ráðstafanir, sbr. 2. mgr., fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

**III. kafli. Kerfisáhættunefnd.****■ 7. gr. Skipan.**

□ Fyrir fjármálastöðugleikaráð starfar kerfisáhættunefnd.

□ Í kerfisáhættunefnd sitja fimm, seðlabankastjóri, sem er formaður nefndarinnar, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem er varaformaður, aðstoðarseðlabankastjóri, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og einn sérfræðingur í málefnum fjármálamarkaðar eða hagfræði sem ráðherra skipar án tilnefningar til fimm ára í senn. Ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytisins, á sæti á fundum nefndarinnar

með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Falli atkvæði jöfn á fundum nefndarinnar ræður atkvæði formanns.

Kerfisáhættunefnd kemur saman til fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári en oftast telji einhver nefndarmanna þörf á. Nefndin setur sér starfsreglur sem fjármálastöðugleikaráð staðfestir. Í starfsreglum skal m.a. tilgreina undirbúning, rökstuðning tillagna, tilhögun funda og endurskoðun starfsreglnanna.

Umsýsla nefndarinnar er á hendi Seðlabanka Íslands sem vistar nefndina og sér um skráningu og skjölun.

■ **8. gr. Hlutverk og verkefni.**

Kerfisáhættunefnd leggur mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin nýtir til þess greiningarvinnu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem kveðið er á um í samstarfssamningi stofnananna, svo og greiningarvinnu annarra innlendra og erlendra aðila eftir því sem tilefni er til.

Nefndin fjallar um samspil beitingar stýritækja aðildarstofnana fjármálastöðugleikaráðs sem áhrif hafa á fjármálastöðugleika, að undanskildum stýritækjum Seðlabanka Íslands á sviði peningamála.

Nefndin gerir tillögur til fjármálastöðugleikaráðs í samræmi við lög og starfsreglur nefndarinnar.

**IV. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **9. gr. Gagnaöflun. Þagnarskylda.**

Aðildarstofnanir fjármálastöðugleikaráðs skulu afhenda ráðinu og kerfisáhættunefnd upplýsingar og gögn sem stofnanirnar búa yfir og ráðið og nefndin telja nauðsynlegar vegna hlutverka sinna.

Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein, gögn sem verða til á vettvangi nefndarinnar sem og umræður í nefndinni lúta þagnarskyldu samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um Seðlabanka Íslands.

Þeir sem sitja í fjármálastöðugleikaráði og kerfisáhættu-

nefnd eru bundnir þagnarskyldu um störf sín þar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

■ **10. gr. Gagnsæi.**

Fjármálastöðugleikaráð skal gera opinberlega grein fyrir meginefni funda sinna næsta dag eftir að fundur er haldinn, nema ætla megi að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika, og skulu fundargerðir ráðsins vera gerðar opinberar innan eins mánaðar.

Fjármálastöðugleikaráð skal árlega, og oftast ef þörf er á, gera Alþingi grein fyrir meginþáttum í störfum sínum. Birta skal opinberlega starfsreglur fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar.

Formaður fjármálastöðugleikaráðs skal halda ríkisstjórninni upplýstri um störf ráðsins og viðbúnað stjórnvalda og viðbragðsáætlanir við sérstakar aðstæður. Formenn stjórnmalaflokka á Alþingi, sem ekki eru jafnframt ráðherrar, skulu upplýstir með sama hætti. Ef formaður fjármálastöðugleikaráðs eða ráðherra krefst þess að trúnaður ríki um veittar upplýsingar skal gæta fyllstu þagmælsku um þær.

Ákvæði upplýsingalaga og stjórnisýslulaga um aðgang að gögnum gilda ekki um fundargerðir og þau gögn sem eru unnin fyrir fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd eða eru þar til meðferðar.

■ **11. gr. Hæfiskilyrði.**

Þeim sem sitja í fjármálastöðugleikaráði og kerfisáhættunefnd er óheimilt að sinna störfum sem geta verið til þess fallin að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

Þeir sem sitja í fjármálastöðugleikaráði eða kerfisáhættunefnd, sem og allir þeir sem sitja fundi ráðsins eða nefndarinnar eða starfa á þeirra vegum, skulu hver fyrir sig og af sjálfsdáðum gæta að ábyrgð sinni varðandi meðferð innherjaupplýsinga og stöðu innherja samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti.

■ **12. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.